

Þriðjudaginn 27. janúar 2015 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 20:00

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Steinunn Hulda Magnúsdóttir, fulltrúi kennara, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.

2. Erindi frá sveitarstjórn:

- a. Formaður lagði fram bréf frá sveitarstjórn Húnavatnshrepps dagsett 15. desember 2014, ásamt bréfi frá Leikskólastjórnenda og fræðslustjórum í Húnavatnssýslum, dagsett 8. nóvember. Vegna málörvunar- og læsisstefnu leikskóla í Húnavatnssýslum.
 - i. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, gerði grein fyrir erindinu og kynnti verkefnið.
 - ii. Talsverðar umræður urðu um málið.
 - iii. Fræðslunefnd samþykkir að taka þátt í verkefninu „málörvun- og læsisstefnu“. Kostnaðurinn er um 250.000 krónur við verkefnið fyrir leikskólann, Vallaból.
 - iv. Fræðslunefnd vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. Skýrsla skólastjóra:

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir skólastarfi í Húnavallaskóla og Vallabóli.
 - i. Skólastjóri greindi meðal annars frá árshátíð Húnavallaskóla, Landa heimsókn og framkvæmdum við kennslueldhús.
 - ii. Alls hefur skólum verið lokað í fjóra daga vegna veðurs

- iii. Skólastjóri greindi frá því að sautján börn væru á leikskólanum og verða nítján um miðjan febrúar
- iv. Comeniusar verkefni, ferð til Noregs er skipulögð í byrjun mars mánaðar.
- v. Jafnframt er fyrirhugað að fara til Danmerkur í útskriftarferð.
- vi. Þróunarverkefni - orð af orði
- vii. Listavika fyrirhuguð í lok mars mánaðar

4. Önnur mál:

- a. Þórunn Ragnardóttir, greindi frá því að nettenging væri afar slæm í leikskólanum og úrlausna væri þörf.
- b. Nefndarmenn fóru í skoðunarferð í kennslueldhús

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 22:00


Brynjólfur Friðriksson


Erla Gunnarsdóttir


Ingibjörg Jónsdóttir


Kristín Rós Sigurðardóttir


Þorsteinn Jóhannsson


Sigríður Aadnegard


Þórunn Ragnardóttir


Ingvar Björnsson


Einar Kristján Jónsson


Steinunn Hulda Magnúsdóttir